

Fundur í skólaráði 8.okt.2012

Mættar á fundinn voru Guðlaug, Ólína, Helga Kristín, Inga Björg, Halldóra, Edda, Margrét og Sigurlína.

Almenn ánægja er með skólakynningarnar sem voru í byrjun sept. Foreldrar á unglingastigi hefðu viljað fara inn í stofur með umsjónakennara síns barns. Vantaði að kynna kennara á unglingastigi og kom upp sú hugmynd að setja myndir af starfsfólki á heimasíðuna. Erfitt hefur reynst að fá bekkjarfulltrúa í foreldrafélagið í Való.

Spurt var um Marítafræðslu en húnhefur verið tekin inn í 10.bekk. Mikil ánægja hefur verið bæði hjá nemendum og foreldrum. Fram kom að Való er reyklaus annað árið í röð sem er mjög ánægjulegt. Tóbaksvarnarfræðsla verður í 7. og 10. bekk í nóv.

Guðlaug fór yfir öryggisáætlun skólans. Foreldrafélagið ætlar að fara yfir þær áætlanir sem eru á heimasíðunni. Baldur sér um að uppfæra verklagsreglur vegna fjölþætts vanda nemenda.

Rætt var um kennsluáætlanir en þær eru að skila sér inn á heimasíðuna þessa dagana. Einnig var rætt um úttekt á mötuneytinu sem ekki er vitað hver það um. Guðlaug ræddi um mat á skólastarfi og sagði frá könnun sem lögð verður fyrir foreldra í vor á vegum skólapúlsins.

Óánægja er með að ekkert hafi verið gert varðandi bílastæðin við Való. Börn í hættu þegar þau ganga í skólann á morgnana. Það þarf að þrýsta á að eitthvað verði gert. Lokað hefur verið fyrir akstur inn á skólalóð við Mýró.

Fulltrúar foreldra sögðu frá að laufabrauðsbakstur verði 24. nóv. Lesið verður upp úr nýjum barnabókum í samstarfi við Bókasafn Seltjarnarness. Einnig á að fá kórinn til að syngja. 1.des. skemmtun 10.bekkar verður haldinn fimmtudaginn 29.nóv.

Ákveðið að boða næsta fund miðvikudaginn 14.nóv. og þá með fulltrúum nemenda.